



## Fundargerð

29. fundar stjórnar FRÍ á starfstímabilinu 2014-2016, haldinn  
þriðjudaginn 2. febrúar 2015 kl. 20:00 í sal A, á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ

Mætt: Einar Vilhjálmsson, Lóa Björk Hallsdóttir, Stefán Skafti Steinólfsson og Árni Þorsteinsson  
framkvæmdastjóri. Aðrir stjórnarmenn boðuðu forföll.

---

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun fundar. Samþykkt. Samkv. Lögum
2. Fundargerð 28 var samþykkt á síðasta fundi og er komin á heimasíðu.
3. Fjármál FRÍ-Uppgjör RIG: Lagt fram uppgjör og kostnaðargreining RIG, mótið skilar góðum tekjum annað árið í röð, til hagsbóta fyrir sambandið. Stjórnarmenn þakka góða vinnu allra er komu að mótinu. Undirbúningsnefnd FRÍ og ÍBR fær sérstakar þakkir. Stjórnarmenn hvetja til að gátlisti fyrir RIG verði uppfærður í hvívetna. Lögð fram skýrsla frá eftirlitsaðila EAA, Mats Svenson. (sjá fylgiskjal). Skýrslan er öllum sem komu að mótinu til sóma.  
Fjármál annað: Framkvæmdastjóri skýrir frá stöðu fjármála og fjárstreymis. Framkvæmdastjóra falið að skila skýrslum til Afrekssjóðs ÍSÍ, vegna styrja. Stjórnarmenn fagna stórbættri stöðu sambandsins og þakka framkvæmdastjóra og gjaldkera góða vinnu.
4. Mótamál FRÍ-Staða: NM inni í Vaxjö. Kominn er verðmiði á kostnað vagna mótsins. Formaður skýrir frá stöðu keppanda á mótið. Málin skýrast dagana 6-7 feb n.k. Endanleg röð kemur í ljós á sunnudaginn 7 feb. eftir keppni helgarinnar. Okkar fólk er að keppa um helgina í mörgum greinum.

Tillaga um að Ragnheiður Ólafsdóttir, Pétur Guðmundsson og Kristján Gissurarson fari með hópnum á NM í Vaxjö (a.t.h. með þjálfara Hafðísar Sigurðardóttur á mótinu.). Liðstjóri hópsins verður Unnur Sigurðardóttir formaður ÍÞA búsett í Växjö.

Fjármögnun móta: Rætt um fjármögnun móta, heildarstefnu og kostnað keppanda á hverju móti. Stjórn hvetur til að ræða þessi mál vel á næsta frjálsíþróttabíngi. Rætt um úthlutun afrekssjóðs til frjálsíþróttasambandsins og þeirra verkefna sem sótt var um styrk fyrir. Formaður, fer yfir fundi með stórmótaráði. Stjórn FRÍ hefur tekið fyrir óskir afrekssjóðs ÍSÍ um að FRÍ tryggi bestu mögulegu nýtingu fjármagns frá afrekssjóði, með eftirfylgini og góðri áætlanagerð. Stjórn samþykkir að aðlaga verklag við úthlutun fjármagns til verkefna samkvæmt fyrirmælum starfsmanns Afrekssjóðs ÍSÍ.

HM innahúss USA: 1 keppandi áætlað.

Stórmót ÍR: Kanna svigrúm til auglýsinga og tekna á mótinu. Framkvæmdastjóra falið að fylgja málinu eftir.



5. Tækninefndarmál: Stjórn FRÍ vísar til tækninefndar að skila inn lista yfir alla eftirlitsdómara í götuhlaupum 2016. Stjórn FRÍ vísar til tækninefndar að kanna hvort hægt sé að halda námskeið í greinaflokkum á árinu 2016. Brýnt er að hlúa að dómurum og réttindum þeirra.
6. Fræðslumál: Fylgja eftir þjálfaranámskeiði IAAF Level II. Framkvæmdastjóra falið að senda út auglýsingu um námskeiðið. Rætt um heimasíðu FRÍ, uppfærslu hennar. Tillaga stjórnar er að mynda hóp fyrir heimasíðu, skrif og fleira.
7. Unglinganefndarmál : Stjórn ákveður að greiða þóknun fyrir unglíngaverkefni, og skilgreina verkefnin með starfsskýrslum. Kr 200.000 verði eingreiðsla á fyrri hluta ársins til unglínganefndar.
8. Uppskeruháttíð: Verðlaun og viðurkenningar verði kallað eftir frá nefndum. Loa Björg og Stefán Skafti sjá um undirbúning og framkvæmd í samstarfi við Árna.
9. Önnur mál. Rætt um NM úti í sumar, er haldið verður á Íslandi. Farið yfir staðarval og stöðu mála. Óskað verður eftir skýrum svörum frá KSÍ og ÍBR. Annað staðarval er Kaplakriki í Hafnarfirði. Stjórn sammála um að staðsetning mótsins í Hafnarfirði hafi kosti þar sem innanhússhöllin gæti hýst nokkrar greina ef veður væri slæmt.

Frjálsíþróttatæping. Gátlisti fyrir þingið, starfsskýrsla og ársreikningur. Auglýsa samvæmt lögum með 6 vikna fyrirvara.

Næsti fundur: Boðað verður til næsta fundar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 22:02.

#### Fylgiskjöl:

- I. RIG 2016 - [skýrsla EAA](#)
- II. Frá tækninefnd

#### Frjálsíþróttamót á vegum FRÍ í Laugardalshöll og Kaplakrika í janúar, febrúar og mars 2016

##### Skipan yfirdómara og yfirdómara til vara

Drög nr. 4, 13. janúar 2016

Dags.	Mót	Staður	Umsjón	Yfirdómari	Til vara
30.-31. jan.	MÍ 11-14 ára	Kaplakriki	FH	Gunnhildur Hinriksdóttir	Katrín
13.-14. feb.	MÍ í fjölþr. og öldunga	Laugardalshöll	Fjölþr.	Þorsteinn Þorsteinsson	Gunnhildur
20.-21. feb.	MÍ aðalhluti	Laugard./Kaplakriki	Árman	Sigurður Haraldsson	Þorsteinn
27.-28. feb.	MÍ 15-22 ára	Laugardalshöll	ÍR	Rósa Marinósdóttir	Sigurður
5. mars	Bíkarkeppni FRÍ	Laugard./Kaplakriki	FRÍ	Magnús Jakobsson	Rósa
6. mars	Bíkarkeppni 15 ára og yngri	Kaplakriki	FH	Katrín Sveinsdóttir	Magnús

Ath. Á alþjóðlega mótinu RIG-2016 23.-24. janúar 2016 mun tæknifulltrúi frá Frjálsíþróttasambandi Evrópu verða jafnframt yfirdómari. Stjórn FRÍ verður að staðfesta skipan yfirdómara.